

Ályktun um eflingu samstarfs aðildarfélaganna

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 hvetur aðildarfélögin til að efla eftir því sem kostur er samstarf sín á milli. Þingið bendir í því sambandi á hagkvæmni þess að skipuleggja í sameiningu ráðstefnur og námskeið um mál er varða réttindi og skyldur félagsmanna svo sem um lífeyrismál, veikindarétt, fæðingarorlof, tryggingar og fleira.

Þingið fagnar þeim skrefum sem aðildarfélögin hafa stigið í þá átt að halda aðalfundi og ársfundi á sama stað og á sama tíma og nýta með því hagkvæmni stærðarinnar. Þingið hvetur til áframhalds á þeirri braut.